

29. nóvember 1973.

689

Nr. 369.

## GJALDSKRÁ

### Rafmagnsveitna ríkisins um raforkusölu í heildsölu.

Gjaldskrá þessi er miðuð við afhendingu raforkunnar með 6—11 kV spennu og mælingu hennar á þeirri spennuhlið.

Gjaldskráin gildir um sölu til héraðsrafmagnsveitna og er miðuð við afhendingu orkunnar á einum stað í nánd við mörk orkuveitusvæðis þeirra.

Einnig er heimilt að selja öðrum raforkukaupendum samkvæmt þessari gjaldskrá, enda sé þá greitt fyrir minnst 800 kW afl og fyrir 6—11 kV aðfærsluveitu frá aðalkerfi Rafmagnsveitna ríkisins, miðað við fjarlægð, aflnotkun og sammingsbundna tímalengd notkunar.

Rafmagnsveitunum er heimilt að afhenda orkuna á hærri spennu en gjaldskrá þessi miðast við, enda sé um það gerður sérstakur samningur á milli Rafmagnsveitnanna og þess kaupanda, sem í hlut á.

#### Rafmagnsgjald.

Aflgjald .....	3 387 krónur á árskW
+ Orkugjald:	
Fyrir fyrstu notkun allt að 2 500 klst., nýtingartíma á árskW .....	107.3 aurar á kWst.
Fyrir notkun milli 2 500 og 4 000 klst. nýtingartíma á árskW .....	62.0 aurar á kWst.
Fyrir notkun umfram 4 000 klst. á nýtingartíma á árskW .....	31.0 aurar á kWst.

#### Aflmæling.

Með árskW í gjaldskrá þessari er átt við meðaltal fjögurra hæstu mánaðar-álagstoppa ársins, mældra sem 30 mínútna meðalálag á afhendingarstað.

#### Ársnýting.

Ársnýtingartími á klst. er raforkunotkun eins almanaksárs í kWst. deild með þeim álagstoppi á kW, sem greiða skal fyrir.

#### Ákvörðun aflgjalds.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda aflnotkun komandi árs, og er það umsamið afl sama tímabils. Reynist mesta aflnotkun verða minna, skal þó kaupandi greiða fyrir minnst 80% af umsömdu afli.

#### Greiðsluskilmálar.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda árgreiðslu hans, miðað við umsamið afl, og skal þeirri upphæð skipt í mánaðarlegar greiðslur, sem falla í gjald-

daga fyrsta hvers mánaðar eftir á. Hafi full greiðsla ekki borist Rafmagnsveitunum 10 dögum eftir gjalddaga, reiknast 12% ársvextir á hana frá gjalddaga til greiðsludags.

Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar, ef greiðsla hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga, en tilkynnt skal kaupanda um það með minnst þjá daga fyrirvara.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka löglaki á kostnað kaupanda, sbr. 76. gr. Orkulaga nr. 58/1967.

### Önnur ákvæði.

Um önnur ákvæði gildir reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins. Verðjöfnunargjald er innifalið í verðinu, en ekki söluskattur.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58/1967 og staðfestri reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins frá 1968 til að taka gildi 1. desember 1973. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 75 6. mars 1973.

*Iðnaðarráðuneytið, 29. nóvember 1973.*

**Magnús Kjartansson.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

Nr. 370.

29. nóvember 1973.

## G J A L D S K R Á

### Rafveitu Hafnarfjarðar.

#### I. RAFORKA

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði er hér segir.

#### A. Lýsing.

- 01 1. Um kWh-mæli á kr. 14.75 hverja kWh.  
 02 2. Um kWh-mæli á kr. 7.05 hverja kWh auk fastagjalds er nemi kr. 1908.00 á ári fyrir allt að 25 m<sup>2</sup> gólfplatarmáls í rúmi því, er lýsa skal, og kr. 36.00 fyrir hvern m<sup>2</sup> umfram 25 m<sup>2</sup>. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í íbúðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 18.00 á m<sup>2</sup> á ári.

Séu notaðir flúrskinslampar, natriumlampar eða kvikasilfurslampar með ófasviksjöfnuðum straumrásum, er heimilt að miða orkugjald skv. 1. og 2. tölulið við kílóvoltamperstundir í stað kílówattstunda.

#### B. Almenn heimilisnotkun.

- 12 Um kWh-mæli á kr. 3.19 hverja kWh og auk þess fastagjald kr. 330.00 á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

#### C. Vélanotkun.

- 20 1. Um kWh-mæli á kr. 7.05 hverja kWh.  
 23 2. Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 5 kW. Aflgjald skv.